



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2011 (25. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 25.11.2011 kl. 14 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Birgir Haraldsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Sigurður Thoroddsen	boðaði forföll
Georg E. Friðriksson	boðaði forföll

1. Umsögn um drög að nýrri skipulagsreglugerð

Farið var yfir drög að nýrri skipulagsreglugerð. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar vill koma eftirfarandi atriðum á framfæri varðandi drögin:

- Kaflar um samráð við gerð skipulagsáætlana (svæðis-, aðal- og deiliskipulag) eru ómarkvissir. Lagt er til að Skipulagsstofnun verði falið að semja og gefa út reglur um hvernig virku samráði skuli háttað.
- Óraunhæft er að takmarka gerð deiliskipulags fyrir stór byggingarsvæði við líkur á byggingu innan 12 ára (gr. 5.3.1).
- Almenn séð er reglugerðin íþyngjandi að mati nefndarinnar og eykur hún kostnað að óþörfu. Sem dæmi má nefna skyldu til að gera deiliskipulag fyrir tímabundnar vinnubúðir (gr. 5.3.11) sem er algjörlega óraunhæf og tilgangslaus krafa.
- Endurskrifa þarf kafla 2.6 um Varnar-, öryggis- og flugvallarsvæði. Hér þarf að tiltaka að um sé að ræða Keflavíkurflugvöll og nágrenni. Í 2. mgr. kaflans þarf að leiðrétta „á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli“ í „á öryggissvæðunum á Keflavíkurflugvelli og nágrenni“.
- Af reglugerðardrögunum má skilja það sem svo að sveitarstjórnnum sé skylt að taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á skipulagsáætlunum (Kafli 2.8 Skipulagsskylda: „Við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á skipulagsáætlunum skulu sveitarstjórnir taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu“). Þetta er ekki í samræmi við gildandi skipulagslög þar sem klárlega kemur fram að sveitarfélög geta með rökstuðningi hafnað að taka mið af landsskipulagi.



f) Með hliðsjón af því almenna viðhorfi aðeinfalda stjórnsýsluna telur nefndin reglugerðardrögin óþarflega löng og ítarleg og mætti stytta þau og hafa tiltekin ákvæði í forni leiðbeininga. Nefndin telur að skipulagsreglugerðin eigi að vera gagnorð, skýr og auðskiljanleg.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar, aðkomin erindi vegna matslýsingar og verkefnislýsingar

Lögð voru fram erindi frá Fornleifavernd ríkisins, dags. 21.10.2011, Sveitarfélaginu Vogum, dags. 16.11.2011 og Vegagerðinni, dags. 26.10.2011, varðandi endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, lýsingu verkefnis og matslýsingu. Erindin gefa ekki tilefni til neinna breytinga.

3. Erindi skipulagsfulltrúa um 5. tl. ákvæðis til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010

Lagt var fram bréf skipulagsfulltrúa til Skipulagsstofnunar, dags. 24.10.2011, þar sem skipulagsfulltrúi gerir grein fyrir samþykkt tiltekinna deiliskipulagsáætlana eins og óskað hafði verið eftir með bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 25.03.2011.

Deiliskipulagsáætlanirnar eru Flugstöðvarsvæði frá 17.03.1997 og Svæði B – Keflavíkurflugvöllur Flugstöðvarsvæði frá 02.09.1997.

4. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar hefur ekki verið ákveðinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.